

FUNDARGERÐ TÓMSTUNDA OG MENNINGARMÁLANEFND

Fimmtudaginn 23. ágúst 2007 var fundur haldinn í Tómsstunda og menningarmálanefnd kl. 17:00 á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Jensína Lýðsdóttir, Valdimar Jón Björnsson, Kristín Leifsdóttir og Gígja Óskarsdóttir.

Mál á dagskrá:

1. Hljómsveitin Spor á leið til Vaxjö á „Cultural Youth Exchange“ í Svíþjóð.
2. Fundur með foreldrum hljómsveitarmeðlima.
3. Fara yfir hvernig tiltókst með Kántrýdaga.

Jensína setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Jensína fer yfir þau atriði sem standa út af í sambandi við ferð til Vaxjö.
2. Foreldrar mæta á fundinn, farið yfir ýmislegt er viðkemur ferð hljómsveitarinnar og svarað spurningum frá foreldrum. Ákveðið var að ósk hljómsveitarmeðlima að Baldur Magnússon færi með í þessa ferð.
3. Farið var yfir þau atriði sem á hátíðinni voru og ýmislegt tekið til sem betur hefði mátt fara og hvar vel hefði tekist til.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl: 18:30.

Jensína Lýðsdóttir

Kristín Leifsdóttir

Valdimar Björnsson

Gígja Óskarsdóttir